

Smástund - leiðbeiningar

Þegar þið opnið vefinn í fyrsta skiptið þá birtist þetta svona, unnar klst. og vinnuskylda á núverandi mánuði, úttektir í Matráði (þeir sem eru með Matráð) og staða orlofs.




Til þess að stækka eða minnka svarta dálkinn vinstra megin þá smellið þið á línurnar hjá „Yfirlit“



Þegar Smástund er opnuð þá kemur sjálfkrafa upp núverandi mánuður en með því að velja „Tímar“ og smella á dagsetninguna, þá opnast valmöguleiki um að velja „Nýjasta tímabil“ og þá birtist uppgjörstímabilið.



Næst þegar þið farið inn á Smástund þá birtist uppgjörstímabilið sjálfkrafa. Núna ætti skjárin að líta svona út hjá ykkur. Unnar klst. og vinnuskylda á núverandi uppgjörstímabil, úttektir í Matráði og staða orlofs.



Með því að smella á „Tímar“ og alla valmöguleikana í svarta dálkinum þá sjáið þið það yfirlit sem Smástund er að gefa ykkur.